

Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6,  
105 Reykjavík  
frn@frn.is

Kópavogur, 15. febrúar 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994, með síðari breytingum (rafrænir húsfundir og blönduð hús)**

Stjórn húsfélagsins Austurbakka 2 tekur undir þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu og telur þær jákvæðar. Má þar helst nefna tillögur í tengslum við við blandað húsnæði í ljósi ört vaxandi mannvirkjagerðar þar sem byggt er með hagsmuni atvinnurekstrar og einstaklinga í huga. Á undanförunum árum hafa kringumstæður breyst með breyttum áherslum í skipulagi, m.a. með hliðsjón af stefnu stjórnvalda um þéttingu byggðar. Í blönduðu húsnæði er mikilvægt að veita eigendum aukið svigrúm til að víkja frá lögnum með samningsfrelsi sín á milli í þeim tilgangi að einfalda ákvarðanatöku þegar kemur að aðlögun að ólíkum þörfum eigenda. Er með þeim hætti unnt að skilgreina heimildir aðila fyrirfram með ólíka hagsmuni í huga.

Að mati húsfélagsins eru þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu varðandi rafræn samskipti enn fremur jákvæðar og tímabærar í ljósi breyttra aðstæðna og tilkomu þeirra lausna sem tæknin hefur upp á að bjóða. Rafrænar lausnir í málefnum húsfélaga munu auðvelda eigendum fjöleignarhúsa að halda fundi, sér í lagi á tímum samkomutakmarkana og stuðla þannig að meira svigrúmi fyrir húsfélög og félagsmenn þeirra.

Virðingarfyllst,  
f.h. Stjórnar húsfélagsins Austurbakka 2

  
Dagbjört E. Einarsdóttir lögm.